

Aðalfundur foreldrafélags BES.

Miðvikudaginn 27. september 2008.

Mættir úr stjórn 2007-2008 : Hulda Rúnarsdóttir, Eggert Jóhannesson, Kolbrún Hulda Tryggvadóttir, Hildur Jónsdóttir og Hafdís Steinarsdóttir.

Fundur settur með skýrslu formanns, þar var farið yfir starfsemi félagsins síðasta vetur. Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu og fjármálum félagsins, þar á meðal hvernig staðið er að innheimtu félagsgjalda.

Formaður sagði frá þeirri breytingu að foreldraráð hefur verið lagt niður og skólaráð komi í staðinn og las yfir reglugerð um hvert starfssvið skólaráðs sé og hverjir sitji í því.

Næst voru fundarmenn spurðir hvort einhverjir af þeim vildu taka við sæti í stjórn foreldrafélags þar sem þrír ætla að hætta. Þrír buðu sig fram og var það einróma samþykkt. Þeir sem hætta eru Hulda Rúnarsdóttir formaður, Hafdís Sigurjónsdóttir vararitari og Hafdís Steinarsdóttir meðstjórnandi.

Nöfn þeirra sem taka við eru : Lóa Björk Óskarsdóttir, Þóra Þorsteinsdóttir og Sveinn Ásgeir Jónsson. Með þeim verða úr fyrri stjórn : Hildur Jónsdóttir, Gerða Ingimundardóttir, Kolbrún Hulda Tryggvadóttir og Eggert Jóhannesson.

Þá var kosið í skólaráð þar sem fimm buðu sig fram en þrír foreldrar sitja í því. Fulltrúar foreldra í skólaráð eru: Sveinn Ásgeir Jónsson, Fríða Garðarsdóttir og Hulda Rúnarsdóttir.

Að lokum voru umræður um starf bekkjartengla og hlutverk þeirra.

Fleira ekki rætt, fundi slitið